



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
b.t. samgöngunefndar
Alþingi
150 Reykjavík

jhm

4. mars 2009

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um lögskráningu sjómanna, 290. mál.

Samtök atvinnulífsins taka undir það að upptaka rafrænnar lögskráningar muni auðvelda einföldun umsýslu og framkvæmd lögskráningar skipverja, sem muni leiða til lækkunar kostnaðar þeirra útgerða sem taka upp rafræna skráningu.

Samtök atvinnulífsins telja að við gerð frumvarpsins hefði átt að leggja til grundvallar notkun hugtaka og skilning hugtaka í sjómannelögum nr. 35/1985 og í kjarasamningum stéttarféлага sjómanna og útgerða fiskiskipa og kaupskipa. Í sjómannelögum er gerður greinarmunur á réttindum og skyldum eftir því hvort þeir sem eru um borð í skipi falli undir skilgreiningu 2. eða 5. gr. laganna.

Þá má nefna það að lögskráning er skilyrði til að njóta sjómannaafsláttar skv. 67. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Á árum áður fundu ýmsir hópar sem ekki höfðu sjómannsstörf að atvinnu það út að þeir gætu notið sjómannaafsláttar ef þeir væru lögskráðir á fljótandi far þó það færi sjaldan á sjó. Til að girða fyrir slíkt hafi m.a. verið sett reglugerðarheimild skv. 1. mgr. 2. gr. gildandi laga.

Hugtök.

Nauðsynlegt er að samræma hugtakanotkun í þessum lögum við sjómannelög nr. 35/1985 sem eru grundvallarlög um réttindi og skyldur sjómanna. Í 5. gr. sjómannelaga er tilgreint að með hugtakinu skipverji sé átt við hvern þann sjómann sem á skip sé ráðinn til skipsstarfa. Í 2. gr. sjómannelaga er tilgreint hvaða ákvæði laganna gildi um þá sem ráðnir eru á skip til annarra starfa en skipsstarfa. Réttindi og skyldur skipverja skv. 5. gr. og annarra sem ráðnir eru á skip skv. 2. gr. eru ekki þau sömu. Í orðskýringum 2. tl. 3. gr. frumvarpsins myndi hugtakið skipverji vera skýrara en sjómaður þar sem það fellur beint að skilgreiningu í 5. gr. sjómannelaga um þann sem ráðinn er til skipsstarfa. Sama á við um aðrar greinar frumvarpsins og er því lagt til að í stað hugtakanna sjómaður/sjómenn í 1., 3., 4. og 5. grein verði hugtökin skipverji/skipverjar notað.

Gjaldtaka.

Það er mikils virði að sem flestir skipstjórar og útgerðarmenn taki upp rafræna lögskráningu skipverja. Hvatningin til þess að það takist er að verulegur munur verði á kostnaði við að taka upp rafræna lögskráningu í stað eldra fyrirkomulags. Gjaldið hlyti því að verða tvískipt, eftir



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Því hvaða aðferð yrði notuð. Þeir sem skrá rafrænt myndu greiða verulega lægra gjald en þeir sem senda gögn á pappír til siglingastofnunar, sbr. athugasemdir við 5. gr. frumvarpsins.

Slysatrygging skipverja

Lagt er til að við 5. gr. bætist 4. töluliður sem verði svohljóðandi: Staðfesting tryggingafélags um slysatryggingu skipverja. Kæmi þessi breyting í stað þess að gera breytingar á lögum um eftirlit með skipum í samræmi við þingskjal 517. Slík breyting væri óþörf og reyndar ástæða til að fella tilgreindan málslíð 16. gr. laga nr. 47/2003 niður þar sem hann átti einungis við skip undir 20 brúttótonnum sem lögskráningarskylda hefur ekki náð til. Það mun breytast með lögleiðingu þessa frumvarps sem framvegis verður skylt að lögskrá á allar stærðir skipa.

Lögskráningarskylda

Ákvæði 4. gr. verða ekki skilin á þann hátt sem tilgreint er í greinargerð um að lögskrá skuli úr skiprúmi í hvert skipti þegar komið er til hafnar enda væri það fráleit krafa. Lagst er gegn því að breytt sé efnislega frá ákvæðum 5. gr. gildandi laga.

Reglugerðarheimild

Felldir verði niður c., d. og e. liðir 7. gr. þar sem ákvæði um öryggisfræðslu eru í lögum nr. 33/1991. Í stað víðtækra heimilda í 2. mgr. til að veita undaþágu frá ákvæðum laganna með reglugerð ætti að taka af skarið um efnið í lagatextanum. Með því að fallast á tillögu um að lögskráningarskylda næði til skipverja sem ráðnir eru til skipsstarfa mætti sleppa niðurlagi 2. mgr. 7. gr. því þeir sem þar eru tilgreindir féllu ekki undir þá skilgreiningu. Þá hafa viðgerðarmenn og vísindamenn hingað til ekki talist til sjómanna eins og tilgreint er í niðurlagi málsgreinarinnar.

Niðurstaða

Samtök atvinnulífsins leggja til að afgreiðslu frumvarpsins verði frestað. Bætt verði fulltrúum samtaka útgerða og sjómanna í starfshóp þann sem samdi frumvarpið og hópnum gefinn hæfilegur frestur til að endurskoða og lagfæra frumvarpið með tilliti til framkominna ábendinga svo víðtæk sátt náist við þá aðila sem málið snertir.

Virðingarfyllt,

Samtök atvinnulífsins

Jón H. Magnússon